

Mál nr. 333/2014
M og
V vegna bátatryggingar L vegna bátsins X.

Tjón á hafnarmannvirkjum vegna bruna í báti 13. júní 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kviknað hafi í bátnum X, sem lá við bryggju M, og eldur hafi borist úr bátnum yfir á bryggju í eigu M og á henni hafi orðið nokkrar skemmdir við brunann.

M telur að vátrygging X hjá V nái til þess tjóns sem varð á bryggjunni í umrætt sinn þar sem hún feli í sér ábyrgðartryggingarvernd sem nái til tjóns sem báturinn valdi öðrum en eiganda sínum og tjón vegna bruna séu ekki sérstaklega undanskilin í vátryggingarskilmálum V.

V bendir á að gildissvið bátatryggingarinnar skv. gr. 3.11. í vátryggingarskilmálum taki yfir „.....sérhverja einkaréttar skaðabótakröfu, sem vátryggður kann að þurfa að greiða vegna þess að hinn vátryggði bátur rekst á annað skip eða far, hvort sem er tjón á munum eða mönnum.“ V vísar til þess að skv. umræddu orðalagi sé ábyrgðartryggingin takmörkuð við það að X rekist á annað skip eða far. Í máli M sé um tjón á hafnarmannvirkjum að ræða en ekki tjón vegna þess að X hafi rekist á annað skip eða far. Þegar af þeirri ástæðu taki vátrygging vegna bátsins X ekki til tjóns M.

Álit.

Vátryggingarvernd sú sem hér er ágreiningur um nær til tjóns á bátnum X og svo til skaðabótakrafna sem takmarkaðar eru við þau tilvik þegar hinn vátryggði bátur rekst á annað skip eða far, sbr. gr. 3.11. í vátryggingarskilmálum. Þar sem gögn málsins sýna ekki að tjón M sé rakið til þess þess háttar atvika telst umrætt tjón ekki falla undir gildissvið umræddrar bátatryggingar hjá V. Það að tjón vegna bruna séu ekki undanþæg greiðsluskyldu í vátryggingarskilmálum hefur ekki sérstaka þýðingu nema atvikið sem leiddi til tjónsins falli yfirhöfuð undir gildissvið vátryggingarinnar. Eins og áður greinir fellur atvikið þegar kviknaði í bátnum X ekki undir gr. 3.11. í vátryggingarskilmálum V og þegar af þeirri ástæðu nær gildissvið vátryggingarinnar ekki til tjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr bátatryggingu bátsins X hjá V.

Reykjavík 9. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.